

Dóminn skipa Garðar Gíslason dómsformaður, Helgi Geirsson kennari og Jóhann J. Ólafsson forstjóri.

Dómsorð:

Stefndi, Marteinn Karlsson, greiði stefnanda, Landflutningum h/f, kr. 2.956.25 með 8% ársvöxtum frá 1. október 1970 til greiðsludags innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málkostnaður falli niður.

Mánudagurinn 30. október 1970.

Nr. 104/1970. **Kristján Pétursson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Sigurði P. Guðjónssyni

(Ólafur Ragnarsson hrl.)

og Sigurður P. Guðjónsson

gegn

Kristjáni Péturssyni og

Þvottahúsinu Eimi s/f

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skýpuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 20. maí 1970. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 24. júlí 1970, að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda og stefnda, Þvottahúsinu Eimi s/f, verði ó-

skipt dæmt að greiða honum kr. 654.112.10 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, Þvottahúsið Eimir s/f, krefst þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur, að því er hann varðar, og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og aðaláfrýjandi og Guðmundur Gunnlaugsson hafa gefið skýrslu fyrir dómi.

I.

Kröfur gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, á hendur aðaláfrýjanda, Kristjáni Péturssyni.

Svo sem í héraðsdómi greinir, féll gagnáfrýjandi af verkpalli við húsið nr. 4 við Síðumúla í Reykjavík, sem þá var í byggingu, hinn 7. október 1964 og hlaut hann nokkur lemstur. Verkpallur þessi var einkum ætlaður múrurum við störf þeirra. Það er óumdeilt, að aðaláfrýjanda bar skylda til að reisa og ganga tryggilega frá verkpalli þessum. Upp er komið, að pallurinn var ekki fullfrágenginn dag þann, er slysið bar að, og hefur aðaláfrýjandi gefið á því skýringu, sem greind er í héraðsdómi. Gagnáfrýjandi kveðst hafa verið að leggja langbönd á pallinn, er slysið varð, en það atvikaðist með þeim hætti, að því er ætla verður, að þverband, er hann steig á, sporðreistist, og féll hann við það til jarðar milli palls og húsveggjar. Miða verður við það samkvæmt gögnum máls, að engir menn á vegum aðaláfrýjanda hafi verið á vinnustaðnum, þegar gagnáfrýjandi hófst handa um að ganga frá verkpallinum fyrir múrara, er þá höfðu komið þangað til starfa. Óljóst er, hvort þverband það, sem sporðreistist, er gagnáfrýjandi sté á það, hafi verið þar, áður en gagnáfrýjandi tók til við verk sitt um frágang verkpallsins. Stendur í því efni staðhæfing gegn staðhæfingu, svo sem rakið er í héraðsdómi. Samkvæmt 22. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930 eiga verkpallar við hús, sem

í smíðum eru, að vera traustir, og var aðaláfrýjandi ábyrgur fyrir því, svo sem hér stendur á. Ekki verður úr því skorið, svo sem sakargögnum er farið, hver lagt hefur þverband það, sem gagnáfrýjandi sté á, en eins og mál þetta er í pottinn búið, þykir þó verða að miða við, að þar hafi verið að verki menn á vegum aðaláfrýjanda. Að hinu ber að hyggja, að gagnáfrýjandi greip hér inn í verk, sem var á starfssviði aðaláfrýjanda og manna hans, og var það óvarlegt af honum, þótt nokkrar starfsnauðsynjar bæru til. Enn ber að líta til þess, að gagnáfrýjandi hafði unnið óslitið við bygginguna nokkurn tíma, áður en slysið varð, og átti hann enda að hafa þar umsjón með verki af hálfu húsbýggjenda, svo sem lýst er í héraðsdómi. Þegar aðdragandi slyss og atferli gagnáfrýjanda er virt, þykir réttmætt að dæma aðaláfrýjanda til að bæta gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu.

Páll Sigurðsson læknir mat örorku gagnáfrýjanda hinn 2. marz 1966. Er grundvöllur þess og niðurstaða rakin í héraðsdómi. Læknirinn mat af nýju örorku gagnáfrýjanda af völdum slyssins. Í vottorði læknisins, dags. 25. ágúst 1972, um heilsuhagi gagnáfrýjanda og endurörorkumatíð segir svo:

„Um slysið og meðferðina vísast til örorkumats undirritaðs frá 2. marz 1966.

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum hinn 15. 8. 1972. Hann skýrir frá því, að undanfarið ár hafi hann unnið við járnsmíði. Hann gat í fyrstu ekki unnið fullan vinnudag eða að staðaldri allt árið, en undanfarið ár hefur hann unnið fulla vinnu. Hann kveðst daglega hafa óþægindi í hægri handlegg og herðablaði og fá verki í háls aftan til. Verkirnir í hálsinum hverfa við hvíld, en óþægindin í hægri handlegg og herðablaði eru nær stöðugt viðloðandi, og stundum kemur dofatilkenning fram í handlegginn í litla fingur og baugfingur. Öll þessi óþægindi aukast við áreynslu. Maðurinn hefur sjálfur fundið, að hann getur haldið þessum óþægindum í skefjum með því að stunda vel æfingar og þjálfun, og stundar hann bæði líkamsæfingar og sund, en hefur ekki þurft að leita í sjúkraleikfimi annað.

Skoðun: Örið yfir hálsliðum er vel gróið, en aukin kyp-hosa er á mótum háls og brjóstliða og nokkur eymsli þar yfir. Það er góð hreyfing í axlarliðum og ekki eymsli í vöðvum herðablaðs eða handlima.

Röntgenskoðun var gerð á Landakotsspítala 16. 8. '72, og segir svo í umsögn röntgenlæknis:

„Svæði: Hálsliðir og efstu thoracalliðir.

Hér hefur verið um að ræða brot á VII. cervicallið, þar sem arcus er brotinn og C. VII hefur gengið dál. fram á við miðað við th. 1. Neðstu hálsliðirnir og efstu thoracalliðirnir eru fixeraðir með beinspöng, sem nær frá C.V. og nokkuð niður á efstu thoracalliði. Beinspöngin er ágætlega gróin, og situs á fract. er óbreyttur frá fyrri skoðun. Það er ekki hægt að sýna fram á þrengingu á liðbilum í col. cervicalis.

Niðurstaða: Status post fract. et dislocatio C. VII.“

Ályktun: Viðtalsskoðun og röntgenskoðun hafa leitt í ljós, að maðurinn hefur viðloðadi stöðug óþægindi, sem rekja má til vinnuslyssins.

Röntgenskoðun sýnir, að spengingin á hálsliðum hefur haldist mjög vel, og enn hafa ekki komið slitbreytingar í liðina ofan við spenginguna.

Ég tel, að varanleg örorka sé í samræmi við örorkumatið frá 2. marz 1966“.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lagðar tvær áætlanir Þóris Bergssonar tryggingafræðings um atvinnutjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Í fyrri áætluninni, sem er dags. 1. apríl 1972, er verðmæti vinnutekjutapsins reiknað kr. 186.905.00 vegna tímabundinnar örorku, en kr. 690.618.00 vegna varanlegrar örorku. Síðari áætlunin er dagsett 21. október 1972. Eru samsvarandi tölur þar kr. 186.905.00 og kr. 725.463.00. Í báðum þessum áætlunum er gætt þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa, frá því að tryggingafræðingurinn gerði sams konar reikning hinn 6. nóvember 1969, svo sem greint er í héraðsdómi, en að öðru leyti eru forsendur hinar sömu.

Bótakrafa gagnáfrýjanda er sundurliðuð í héraðsdómi.

Samkvæmt gögnum málsins þykir óbætt heildarörorku-
tjón gagnáfrýjanda hæfilega metið kr. 600.000.00, og hafa þá
verið frádregnar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins
og tekið tillit til greiðslu stefnda. Miskabótakröfu gagn-
áfrýjanda þykir mega leggja til grundvallar.

Óbætt heildartjón gagnáfrýjanda telst því kr. 700.000.00.
(600.000.00+100.000.00). Ber aðaláfrýjanda að bæta hon-
um helming þess, eða kr. 350.000.00 með 7% ársvöxtum
frá 7. október 1964 til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um málskostnað, en
rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað
að fyrir Hæstarétti, kr. 45.000.00.

II.

**Kröfur gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar,
á hendur stefnda, Þvottahúsinu Eimi s/f.**

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjandi
geti ekki sótt stefnda um fébætur vegna slyss þess, sem um
ræðir í málinu. Ber því að sýkna stefnda af kröfum gagn-
áfrýjanda, en rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir
Hæstarétti í máli þeirra í milli falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Þvottahúsið Eimir s/f, skal vera sýkn af kröf-
um gagnáfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar. Málskostna-
aður í héraði og fyrir Hæstarétti þeirra í milli fellur
niður.

Aðaláfrýjandi, Kristján Pétursson, greiði gagnáfrýj-
anda, Sigurði Þ. Guðjónssyni, kr. 350.000.00 með 7%
ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags og máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 98.250.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.

I.

Í málinu er ekki sannað, hver eða hverjir lagt hafi þverband það, sem sporðreistist og orsakaði fall gagnáfrýjanda af vinnupallinum.

Gagnáfrýjandi, sem er iðnlærður járnsmiður, var í þjónustu stefnda, Þvottahússins Eimis s/f, og laut á engan hátt verkstjórn aðláfrýjanda. Hefur hann lýst því, að störf hans við bygginguna hafi verið umsjónarstörf. Hann hafi þó gripið í ýmis störf nema trésmíði. Samkomulag hafi þó verið um, að hann ynni við að rífa steypumót og hreinsa notað timbur. Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi tekið það upp hjá sjálfum sér án fyrirmæla frá öðrum að hefja vinnu við vinnupallana, þegar slysið varð, og það hafi verið utan starfssviðs hans. Þegar þessa er gætt og haft í huga, hve kunnugur gagnáfrýjandi var þarna á vinnustaðnum, verður að meta honum það til slíkrar óvarkárni og gáleysis að hefja vinnu við pallana, að hann geti eigi krafið aðaláfrýjanda um bætur vegna tjóns þess, er hann hefur beðið af umræddu slysi. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður þeirra í millum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

II.

Fyrirsvarsmenn stefnda, Þvottahússins Eimis s/f, höfðu ráðið gagnáfrýjanda til að hafa umsjón með byggingu hússins, en honum var eigi ætlað sérstakt starfssvið. Eins og áður getur, hóf gagnáfrýjandi vinnu við umræddan vinnupall án nokkurra fyrirmæla frá þeim, og þeir höfðu engin afskipti haft af gerð vinnupallsins. Stefndi ber því eigi ábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda vegna slyss þessa. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, að því er stefnda

varðar, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Kristján Pétursson, og stefndi, Þvottahúsið Eimir s/f, eiga að vera sýknir af kröfum gagn-áfrýjanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. febrúar 1970.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 26. f. m., hefur Sigurður Þ. Guðjónsson, Grettisgötu 32 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 18. janúar 1968, á hendur Þvottahúsinu Eimi s/f og Kristjáni Péturssyni húsasmíðameistara, Safamýri 95 hér í borg.

Af hálfu stefnanda eru þær dómkröfur gerðar, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 654.112.10 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Kristjáns eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda Þvottahússins Eimis s/f eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að það verði sýknað af kröfum stefnanda og því dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavextir eru þessir: Á árinu 1964 var unnið að byggingu hússins nr. 4 við Síðumúla hér í borg, en það er eign stefnda Þvottahússins Eimis s/f. Hafði stefnandi verið ráðinn af fyrirsvarsmönnum þvottahússins til að vinna við byggingu hússins. Er stefnandi var við störf við húsið 7. október 1964, vildi það til, að hann féll niður af vinnupalli og hlaut af því slíka áverka, er leiddu til þess, að honum var metin varanleg örorka af völdum slyssins. Trésmíðameistari við byggingu hússins var stefndi Kristján, og hafði hann keypt ábyrgðartryggingu hjá Almennum tryggingum h/f hér í borg. Þvottahúsið Eimir s/f hafði einnig keypt ábyrgðartryggingu hjá Samvinnutryggingum vegna byggingarvinnu við húsið á tímabilinu 24. ágúst 1964

til 24. nóvember sama ár. Hefur stefnandi stefnt greindum tryggingafélögum til réttargæzlu í málinu, en á hendur þeim eru engar sérstakar kröfur gerðar. Af hálfu réttargæzlustefndu eru og engar kröfur gerðar í málinu.

Rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var þegar í stað tilkynnt um slysið, og Njörður Snæhólm varðstjóri kom þá þegar á vettvang, tók skýrslur af starfsmönnum við bygginguna og kynnti sér aðstæður. Um aðstæður á vettvangi segir svo í skýrslu hans: „Síðumúli 4 er steinsteypt hús í byggingu. Búið er að steypa það upp og byrjað að rappa norðurhlið þess. Vinnupallar voru við norðurhliðina og N.V. hlið, þrír fullklæddir, en verið var að setja þann fjórða upp, eða verið að klæða hann.“ Síðan segir svo í skýrslunni: „Fall þetta mun hafa verið um 7 metrar, en sæmilega mjúkur jarðvegur var undir. Vinnupallarnir voru 47 cm frá veggnum. Búið var að setja 4” þverbönd á efsta pallinn og búið að negla þau öll að undanteknum tveimur næst miðju norðan frá, en á annað þeirra hefur maðurinn stigið innan við þverslána (sic), því það band var sporðreist.“

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið ráðinn til starfa við byggingu hússins af fyrirsvarsmönnum Þvottahússins Eimis og byrjað að vinna þar hinn 1. ágúst 1964. Ekki kveðst hann hafa verið ráðinn til neinna fastákveðinna starfa, heldur hafi hann verið ráðinn til að reyna að drífa verkið áfram á hvaða hátt sem var. Kveður hann störf sín hafa verið umsýjónarstörf. Hann kveðst þó hafa gripið inn í ýmislegt, einkum vinnu við múrhúðun og kveðst m. a. hafa aðstoðað við handlöngun. Ekki kveðst stefnandi hafa unnið neitt við trésmíði. Fyrir störf sín kveðst stefnandi hafa fengið kaup greitt frá stefnda Þvottahúsinu Eimi s/f. Stefnandi kveður stefnda Kristjáni hafa verið kunnugt um, að hann hefði verið ráðinn til þeirra starfa, sem hann hefur frá skýrt. Ekki kveður hann það hafa verið sérstaklega rætt milli sín og stefnda Kristjáns, hvert starfssvið sitt skyldi vera eða hvort það skyldi á einhvern hátt takmarkað, en stefnandi kveður samkomulag hafa verið um það með þeim Kristjáni, að hann, þ. e. stefnandi, sæi um mótafráslátt og sæi um hreinsun á því timbri, þannig að það væri tilbúið til notkunar á ný. Er umræddur atburður varð, kveðst stefnandi hafa unnið við að ganga frá fjórða, þ. e. efsta palli vinnupalla þeirra, sem reistir hafi verið við húsið. Hann kveður vinnupallana hafa verið reista að mestu leyti um hálf-

um mánuði áður en slysið varð og hafi smiðir frá stefnda Kristjáni unnið við það verk. Ekki kveðst stefnandi sjálfur hafa unnið við það. Stefnandi kveður síðan einn smið hafa komið tveimur dögum áður en slysið varð og kveður hann hafa unnið eitthvað við pallana, en síðan hafi hann verið tekinn frá því verki. Stefnandi kveður ekki hafa verið lokið við smíði vinnupallsins vegna þess, að stefndi Kristján hafi þurft að nota starfsmenn sína til vinnu annars staðar. Ekki kveður stefnandi hafa skort efni til verksins. Stefnandi kveðst að minnsta kosti tvisvar fyrir þann dag, er slysið varð, hafa verið búinn að biðja stefnda Kristján um að ljúka við vinnupallana, til þess að ekki stæði á þeim, þegar múrararnir þyrftu á þeim að halda. Umræddan dag kveður stefnandi múrarana hafa verið komna til að rappa húsið að utan og hafi þeir verið komnir að þessum stað. Hann kveður smiðinn ekki hafa verið að vinna við húsið umræddan dag og kveður stefnda Kristján heldur ekki hafa verið við húsið þennan dag. Stefnandi kveðst því þá hafa hugsað sér að ganga frá vinnupallinum, til þess að múrararnir gætu lokið við að rappa þennan dag. Hann kveður þverbönd efsta pallsins hafa verið komin á sinn stað, að minnsta kosti flest þeirra og kveðst hafa gengið út frá því, að þau væru öll negld, en ekki kveðst hann hafa kynnt sér það sérstaklega. Hann kveðst nú hafa ætlað að leggja borð langsum ofan á þverböndin. Kveðst hann hafa fleygt borðum upp á pallinn og kveðst síðan hafa farið upp á hann, tekið borðin upp og ætlað að ganga með þau vestur á pallinn eftir þverböndunum. Stefnandi kveðst nú ekki muna meira eftir sér, fyrr en hann hafi rankað við sér liggjandi á jörðinni undir neðsta pallinum. Hann kveðst því ekki hafa hugmynd um, hvernig á því stóð, að hann féll niður. Kvaðst hann því ekki muna, hvort hann hafi stigið á borðenda fyrir innan vinnupallinn eða hvort hann hafi fallið niður á milli, en kveður sér hafa verið sagt, að hann hafi stigið á borðenda, sem stóð inn fyrir pallinn. Ekki kveðst stefnandi sjálfur hafa sett neitt af þverböndunum á efsta pall vinnupallsins og kveður sér ekki kunnugt um, hver hafi gert það, en kveðst telja, að einhver af smiðum stefnda Kristjáns hafi gert það. Ekki kveðst stefnandi geta sagt örugglega um, hvenær þessi þverbönd hafi verið sett á efsta pallinn. Ekki kveðst stefnandi hafa tekið ákvörðun um það, að ekki skyldi þegar lokið við efsta pall vinnupallsins, er vinnupallarnir voru reistir. Kveðst hann þvert á

móti hafa verið að rekast í því við stefnda Kristján, að hann léti ljúka við vinnupallana. Ekki kveður stefnandi sér hafa verið kunnugt um, að efsti pallurinn hafi átt að bíða, þar til lokið hefði verið við að setja gler í glugga hússins þarna. Hann kveðst ekki muna það gerla, hvort farið hafi verið að vinna við glerisetningu, þegar slysið varð. Ekki kveðst stefnandi hafa haft samráð við neinn, áður en hann fór upp á pallinn til að ljúka við hann, enda hafi hann verið ráðinn til þess að grípa inn í alls konar störf.

Stefndi Kristján Pétursson, sem var ábyrgur trésmíðameistari við smíði hússins nr. 4 við Síðumúla, hefur skýrt svo frá, að hann hafi sem slíkur stjórnað trésmíðavinnu við það. Kristján kveður sér hafa verið kunnugt um það, að eigendur Þvottahússins Eimis hafi ráðið tvo menn til að starfa við byggingu hússins og hafi annar þeirra verið stefnandi mál þessa. Kveðst Kristján hafa sagt eigendum þvottahússins það, að þessir menn störfuðu ekki á sínum vegum og að þeir yrðu því að tryggja þá sérstaklega. Kristján kveður menn þessa ekkert hafa starfað á sínum vegum. Hann kveður stefnanda eitthvað lítils háttar hafa unnið við útréttingar, en annars muni hann aðallega hafa starfað við múrverk, eftir að búíð var að steypa húsið upp. Stefndi Kristján kveður stefnanda enga trésmíðavinnu hafa unnið við húsið, á meðan hann, þ. e. Kristján, var við húsið, þ. e. fram að þeim tíma, er hann skilaði því fókheldu og múrhúðuðu að utan. Hins vegar kveður Kristján stefnanda hafa unnið við frágang hússins, eftir að það var fókheldt, og muni þá hafa gripið til einhverrar vinnu, sem telja megí til trésmíðavinnu. Ekki kveðst Kristján muna að gera grein fyrir því, hvenær vinnupallarnir við húsið hafi verið reistir. Hann kveður hringt hafa verið í sig sama daginn og slysið varð, að því er hann minnir, frekar en kvöldið áður. Kveður hann, að sér hafi þá verið sagt, að múrararnir væru að koma. Hann kveður smíði vinnupallanna þá ekki alveg hafa verið lokið og kveðst því þá hafa sent einn smíð, Björn Eiðsson, til að ganga frá þeim. Kristján kveðst hafa komið að húsinu fyrir hádegi þennan sama dag. Hann kveðst svo hafa komið að húsinu síðar um daginn eftir slysið. Hann kveðst ekki hafa farið upp á vinnupallana. Hann kveður Björn smíð þá hafa verið búinn að ganga frá þeim.

Guðmundur Gunnlaugsson, annar af eigendum Þvottahússins Eimis s/f, hefur skýrt svo frá, að stefnandi hafi verið ráð-

inn af fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins til að sjá um byggingarframkvæmdir og vinna við bygginguna Síðumúla 4, svo að verkið gengi snuðrulaust og fljótt fyrir sig. Guðmundur kveðst ekki hafa verið staddur við bygginguna, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa haft nein afskipti af vinnutilhögun við byggingu hússins, enda hafi það verið algerlega meistaranna að sjá um það. Ekki kveðst Guðmundur heldur hafa séð um efniskaup. Hann kveðst aðeins hafa séð um greiðslur. Ekki kveðst Guðmundur muna, hversu löngu fyrir slysið vinnupallarnir hafi verið reistir við húsið í þeirri mynd, sem þeir voru, er slysið varð. Ekki kveðst Guðmundur þora að fullyrða, hvort hann hafi sjálfur óskað eftir því við Kristján Pétursson, að lokið yrði við vinnupallana, áður en múrararnir kæmu, en hann kveðst þó telja sennilegt, að hann hafi gert það.

Vitnið Björn Eiddsson trésmiður var starfsmaður stefnda Kristjáns á þeim tíma, er umrætt slys varð. Kveðst Björn allt fram á dag þann, er slysið varð, hafa unnið við byggingu hússins, m. a. við mótaupplátt, og einnig kveðst hann hafa unnið við að reisa vinnupalla þá, er við húsið voru. Björn kveður það muni láta nærri, að vinnupallarnir hafi verið reistir um hálfum mánuði áður en slysið varð. Hann kveður þó ekki hafa verið gengið frá efsta vinnupallinum, um leið og pallarnir voru reistir, þar sem sá pallur hafi ekki verið í fullri hæð og hafi því verið til trafala við ísetningu glers í glugga. Kveður Björn þannig hafa verið gengið frá efsta pallinum, þ. e. fjórða pallinum, að langböndin hafi verið sett upp, en engin þverbönd og þar af leiðandi ekkert af langborðum ofan á þau. Björn kveður efsta pallinn eingöngu hafa átt að vera fyrir múrarana við múrhúðun hússins og hafi orðið að samráði trésmiða þeirra, er verkið unnu, að ekki yrði gengið frá efsta pallinum, fyrr en um leið og múrararnir kæmu. Björn kveðst halda, að stefndi Kristján hafi ekki gefið fyrirmæli um þetta, en hann kveður hann hafa vitað um þetta. Björn kveður stefnanda örugglega hafa vitað, að þessi háttur var hafður á með efsta pallinn. Dag þann, er slysið varð, kveðst Björn hafa unnið við undirbúning á því að setja gler í glugga hússins. Eftir kaffi þennan dag kveðst hann hafa farið niður í bæ til þess að sækja saum, sem hann hafi þurft að nota við glerisetninguna. Á meðan hann var í burtu, kveður hann múrarana svo hafa komið. Kveðst Björn því ekki hafa verið viðstaddur, þegar slysið varð. Hann kveðst ekki hafa séð stefnanda vinna

umrætt verk við efsta pallinn. Kveður hann stefnanda ekki hafa verið byrjaðan á þessu verki, er hann fór niður í bæ, og kveður hann slysið hafa orðið, á meðan hann var í burtu. Ekki kveður Björn stefnanda hafa haft samráð við sig, áður en hann fór að vinna við efsta pallinn. Björn kveður ekkert af þverböndunum hafa verið komin á efsta pallinn, er stefnandi hóf að vinna við hann umræddan dag, og telur, að þau hljóti að hafa verið sett á, á meðan hann, þ. e. Björn, var fjarverandi. Björn kveðst hafa vitað, að múrararnir væru væntanlegir einhvern tíma þessa dagana, en kveðst ekki hafa vitað, að þeir mundu koma dag þann, er slysið varð. Ekki kveðst Björn hafa fengið fyrirsmæli um það frá stefnda Kristjáni umræddan dag, áður en slysið varð, að ljúka við smíði efsta pallsins á vinnu-pallinum. En hann kveðst hafa átt að ljúka við efsta pallinn, þegar þess gerðist þörf, og kveðst hafa haft fyrirsmæli frá Kristjáni um það. Eftir að hann kom á vettvang eftir slysið, kveðst Björn strax hafa farið að vinna við að ganga frá efsta pallinum. Hann kveður þverbönd þau, sem komin voru, ekki hafa öll verið negld og muni eitt eða tvö þeirra hafa verið laus. Kveðst hann síðan hafa gengið frá efsta pallinum. Björn kveðst munu hafa verið búinn að vinna umræddan dag við húsið frá því um kl. 0730 um morguninn. Hann kveðst ekki muna betur en stefnandi hafi verið þarna við húsið og þeir hafi sézt. Björn kveðst ekki hafa séð múrarana fyrr en eftir slysið, þeir hafi komið, á meðan hann fór niður í bæ.

Vitnið Þorsteinn Hannesson hefur skýrt svo frá, að hann hafi sem lærlingur í trésmíðaiðn unnið á vegum stefnda Kristjáns að smíði þriggja neðri palla vinnupallsins við norðurhlið hússins, en hann kveðst ekki minnst þess að hafa neitt unnið við smíði efsta pallsins.

Vitnið Heiðar Elimarsson hefur skýrt svo frá, að hann hafi unnið að smíði þriggja neðri palla vinnupallsins við norðurhlið hússins og verið geti, að hann hafi unnið við langböndin undir fjórða pallinn, en hann kveðst öruggur um, að hann hafi hvorki unnið við þverböndin á þeim palli né gólfið (dekkið) á þeim palli. Heiðar kveðst hafa unnið að þessari smíði vinnupallsins ásamt Þorsteini Hannessyni og kveður ekki aðra hafa unnið að henni. Ekki kveðst Heiðar minnst neinna sérstakra fyrirsmæla í sambandi við fjórða pallinn.

Vitnið Sigurgestur Ingvarsson múrari starfaði við múrhúðun umrædds húss. Það kveður múrarana ekki hafa starfað við

húsið fyrr en þann dag, er sýsið varð. Vitnið kveður múrarana hafa hitt stefnanda, er þeir komu til vinnu við húsið um morguninn, og kveður hann hafa gengið með þeim um húsið og sýnt þeim það. Á þeirri ferð kveðst vitnið hafa litið á vinnupallana og kveður sér hafa virzt ástand þeirra gott, nema að efsti pallurinn, þ. e. fjórði pallurinn, hafi verið í smíðum. Vitnið kveður sér hafa virzt þverböndin klár, en „dekkið“ hafi vantað að einhverju eða öllu leyti. Ekki kveðst vitnið hafa reynt þverböndin. Vitnið kveður slysið hafa orðið síðari hluta dags. Það kveður þá múrarana hafa verið búna að rappa norðvesturgafllinn að einhverju leyti. Það kveður pallana við gafflinn aðeins hafa verið þrjá, sökum þess að þaki hússins halli inn að lóðinni og því hafi ekki verið talin þörf á að hafa fjórða pallinn þar. Vitnið kveðst hafa verið statt uppi á þriðja pallinum við gafflinn úti við enda hans og við endann á fjórða pallinum meðfram norðausturhliðinni og hafi sá pallur náð því á að gizka í mitt læri. Kveðst vitnið því hafa séð út eftir þeim palli. Vitnið kveður ekki hafa verið búíð að ganga frá þeim palli og kveðst hafa talið, að stefnandi væri að vinna við það. Vitnið kveður slysið hafa orðið með þeim hætti, að stefnandi, sem muni hafa verið með borð í höndum, hafi stigið með hægri fæti á þverborð, sem hafi sporðreistst, og við það hafi stefnandi misst jafnvægið og fallið niður á milli pallsins og hússins og lent með höfuð og herðar á gluggakistu efsta gluggans, en síðan hafi hann fallið til jarðar. Vitnið kveður stefnanda hafa snúíð baki í sig, þegar þetta varð. Eftir slysið kveðst vitnið hafa séð, að þverband það, sem stefnandi hafði stigið á, hafi verið óneglt í ytri endann, en ekki kveðst það muna, hvort það athugaði, hvort borðið var neglt í hinn endann. Vitnið kveður þannig munu hafa staðið á, er þeir múrararnir komu að húsinu, að það hafi verið kaffitími. Það kveðst ekki muna betur en það hafi séð smíð þarna við húsið, sem það taldi vera á vegum stefnda Kristjáns, en smíðurinn muni hafa ekið á brott um það leyti. Kveðst vitnið ekki þora að segja um það, hvort það hafi séð mann þennan aftur þann dag.

Vitnið Júlíus Hinriksson, sem er múrari að atvinnu, hefur skýrt svo frá, að það hafi verið að vinna við umrætt hús dag þann, er slysið varð, og hafi það verið fyrsti dagurinn, sem það vann þar. Er í ljós kom, að ekki var búíð að ljúka við efsta pall vinnupallsins, þegar þeir múrararnir komu til vinnu sinnar um morguninn, kveður vitnið stefnanda hafa tekið að

sér að sjá um, að því verki yrði lokið. Hafi stefnandi síðan farið að sinna því að ljúka við efsta pallinn. Vitnið kveðst ekki muna að greina frá því, í hvaða ástandi efsti pallurinn var, er þeir múrararnir komu að húsinu. Vitnið kveður þá múrarana hafa þurft að nota efsta pallinn þá um daginn, því að þeir hafi ætlað að ljúka við að rappa húsið. Vitnið kveðst hafa byrjað að vinna neðar á vinnupallinum, þar sem vinnupallarnir ofar hafi ekki verið tilbúnir.

Vitnið Hörður Eiríksson kveður stefnanda hafa ráðið sig til starfa við byggingu umrædds húss og kveður þá hafa starfað saman. Kveður vitnið starf sitt hafa verið fólgið í því að einangra og múrhúða húsið, en einnig kveðst vitnið hafa unnið við að hreinsa timbur, sem til hafi fallið og húseigandi hafi átt að sjá um. Vitnið kveður stefnanda hafa sagt sér fyrir verkum. Er slysið varð, kveðst vitnið hafa verið statt á efri hæð hússins og verið að hræra steypu fyrir múrarana. Kveðst vitnið þá hafa heyrt skruðning og séð, er stefnandi féll fram hjá glugganum á annarri hæð. Vitnið kveður staðið hafa á að ganga frá efsta vinnupallinum fyrir múrarana, sem komnir voru til starfa. Kveður vitnið sig minna, að þverböndin í efsta pallinum hafi verið komin og að átt hafi eftir að setja gólf á efsta pallinn og að stefnandi hafi verið að vinna við það. Vitnið kveður stefnanda ekki munu hafa unnið annað við vinnupallana en það, sem hann vann við gólfið á efsta pallinum, er slysið varð. Sjálft kveðst vitnið ekki hafa unnið annað við vinnupallana en það, að það hafi um morguninn dag þann, er slysið varð, lagt nokkur borð í glugga á efri hæðinni, til þess að stefnandi gæti náð í þau, og hafi borð þessi verið í gólfið. Vitnið kveður sig minna, að það hafi séð Björn Eiðsson koma að húsinu um morguninn og fara síðan aftur, og kveðst muna örugglega, að Björn hafi ekki verið við húsið, er slysið varð. Eftir slysið kveðst vitnið hafa farið með stefnanda í slysaveðstofuna og síðan í sjúkrahús, en það kom aftur á vinnustaðinn, og kveður það Björn Eiðsson þá hafa verið kominn þangað.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Kristjáni er byggð á því, að orsök slyssins hafi verið óforsvaranlegur frágangur á efsta, þ. e. fjórða, palli vinnupallsins við húsið. Starfsmenn stefnda Kristjáns hafi reist vinnupallana við húsið, en ekki hafi verið lokið við þá þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnanda. Hafi þeir verið búnir að setja þverböndin á þennan efsta pall að nokkru leyti, en hafi ekki verið búnir að festa nokkur þeirra. Er stefn-

andi, sem unnið hafi við húsið með fullri vitund og með samþykki stefnda Kristjáns, hafi ætlað að leggja langbönd ofan á þverböndin á efsta pallinum, sem hann hafi reiknað með, að væru negld, eins og eðlilegt hafi verið, að hann gerði miðað við allar aðstæður, hafi hann stigið á eitt hinna lausu þverbanda, sem hafi sporðreistst, og hafi stefnandi þá fallið til jarðar. Er því haldið fram, að sem ábyrgur trésmíðameistari beri stefndi Kristján ábyrgð á þeim óforsvaranlega frágangi efsta pallsins að skilja nokkur þverbönd eftir ónegld, og því beri hann fébótaábyrgð á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir af völdum slyssins.

Krafa stefnanda á hendur Þvottahússins Eimis s/f er byggð á því í fyrsta lagi, að stefndi Kristján hafi unnið fyrir þvottahúsið, en í öðru lagi, að þar sem hér hafi verið um að ræða hættulega vinnu, þá beri þvottahúsið ábyrgð á slysinu samkvæmt reglu íslensks skaðabótaréttar um ábyrgð vinnuveitenda á starfsmönnum sínum.

Sýknukrafa stefnda Kristjáns er byggð á því, að stefnandi, sem ekki hafi verið í vinnu hjá honum, hafi tekið það upp hjá sjálfum sér algerlega óbeðinn og án fyrirsmæla stefnda Kristjáns að fara að vinna við smíði vinnupallana við húsið. Því geti stefnandi ekki átt kröfu á hendur stefnda Kristjáni vegna slyss þess, sem hann varð fyrir.

Sýknukrafa stefnda Þvottahússins Eimis s/f er í fyrsta lagi byggð á því, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, sé því algerlega óviðkomandi, og varði það því eigi bótaskyldu. Fyrirsvarsmenn þvottahússins hafi ráðið tvo algerlega sjálfstæða byggingameistara sem verktaka við byggingu hússins. Hafi fyrirsvarsmenn þvottahússins enga íhlutun gert um tilhögun verksins og ef það hafi að einhverju leyti farið úrhendis, þá sé það mál byggingameistara þessara, en þvottahúsinu óviðkomandi og skipti í því sambandi engu máli, þótt fyrirsvarsmenn þvottahússins hafi ráðið stefnanda til vinnu. Ef svo yrði lítið á, að ábyrgð þvottahússins Eimis gagnvart stefnanda kunni að vera fyrir hendi, sökum þess að fyrirsvarsmenn þess hafi ráðið stefnanda til starfa við byggingarframkvæmdirnar, þá er sýknukrafa á því byggð, að stefnandi hafi verið svo sjálfstæður starfsmaður, að ábyrgð þvottahússins komi eigi til. Er á það bent í þessu sambandi, að stefnandi hafi verið ráðinn til umsjónarstarfa við byggingu hússins og hafi starfssvið hans verið miklu víðtækara en almenns starfsmanns. Stefnandi hafi

verið trúnaðarmaður Þvottahússins Eimis s/f á vinnustaðnum og hafi átt að gæta hagsmuna þess og rasa í engu um ráð fram. Er því haldið fram, að stefnanda hafi orðið á hrapalleg mistök, er hann óbeðinn og án samráðs við fyrirsvarsmenn þvottahússins eða aðra hafi farið að blanda sér í verk algerlega utan starfssviðs hans með því að hefjast handa um að halda áfram smíði efsta palls vinnupallanna, þar sem starfsmenn stefnda Kristjáns höfðu frá horfið. Þetta hafi stefnandi gert án þess að kynna sér, hveru langt var komið frágangi við efsta pallinn. Er því haldið fram, að af framangreindri réttarstöðu stefnanda og mistökum hans leiði, að hann geti ekki gert Þvottahúsið Eimi s/f að neinu leyti ábyrgt fyrir tjóni sínu. Fari svo, að Þvottahúsið Eimir s/f verði talið bera ábyrgð á tjóni stefnanda ástamt stefnda Kristjáni, þá er því haldið fram, að atvik að slysinu hafi verið slík, að þar sé að engu leyti við fyrirsvarsmenn þvottahússins að sakast, heldur eingöngu við stefnda Kristján eða starfsmenn hans að því leyti, sem sök stefnanda sjálfs kemur ekki til. Varakrafa stefnda Þvottahússins Eimis s/f er byggð á því, að stefnandi hljóti sjálfur að bera verulegan hluta af tjóni sínu vegna gálauslegs framferðis síns, en einnig er því haldið fram, að tjón stefnanda sé að verulegu leyti minna en stefnufjárhæðinni nemur.

Öryggiseftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið. Er umsögn eftirlitsmanns stofnunarinnar, Friðgeirs Grímssonar, svohljóðandi:

„Hús það, sem slysið varð við, er í smíðum og tveggja hæða. Fjögur verkpallsgólf voru þar við norðurhlið hússins, og var slasaði að sögn að starfa við að leggja fjalir í efsta gólfið. Þar á móts við er stór gluggi, þó óglerjaður. Stoðir voru ca. 30 cm frá vegg, og virðist mér það heldur mikið (Æskilegt max. 25 cm, þótt múrverk sé þar framkvæmt). Á móts við glugga eða önnur op í vegg þarf, að mínu álit, verkpallsgólfið að ná alveg á móts við vegg til að fyrirbyggja fall manna lengra niður en inn á næstu hæð hússins. Þar eð slasaði, að sögn, mun hafa stigið á „falskan enda“ (lausa fjöl), tel ég það vera hans yfirsjón við uppsetningu pallgólfsins.“

Með hliðsjón af framburði vitnisins Sigurgests Ingvarssonar og skýrslu Njarðar Snæhólms varðstjóra um ummerki á slystaðnum þykir mega leggja til grundvallar við úrlausn málsins, að slysið hafi orðið með þeim hætti, sem haldið er fram af hálfu stefnanda. Stefndi Kristján var ábyrgur trésmíðameist-

ari við byggingu umrædds húss, og féll það undir starfssvið hans að láta reisa vinnupalla við það og hafa eftirlit með því, að frá þeim væri gengið á forsvaranlegan hátt. Þeir starfsmenn stefnda Kristjáns, sem unnu að smíði neðri palla vinnupallanna, hafa lýst því yfir, að þeir hafi ekki sett upp þverböndin fyrir efsta pallinn. Stefnandi hefur neitað því að hafa sjálfur sett upp þverböndin. Það var óforsvaranlegur frágangur að festa þverbönd efsta pallsins ekki betur en gert var, og verður orsök slyssins m. a. rakin til þess vanbúnaðar. Það þykir verða að leggja á stefnda Kristján sönnunarbyrði um það, að þverböndin fyrir efsta pallinn hafi verið sett upp af mönnum, sem hann bar ekki ábyrgð á, og við þær aðstæður, að hann beri ekki ábyrgð á framkvæmd verksins. Að þessu hafa ekki verið færðar sönnur af hálfu stefnda Kristjáns. Verður því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda felld á hann. Þótt stefnandi hafi verið ráðinn af fyrirsvarsmönnum Þvottahússins Eimis s/f til starfa, sem í eðli sínu voru umsjónarstörf, og þótt hann hafi gripið í að sinna ýmsum öðrum störfum, eins og hann hefur skýrt frá, þá verður að telja ósannað, að honum hafi verið falið að vinna verk, sem féllu beint undir starfssvið iðnaðarmanna, svo sem frágang vinnupalla, eins og hér er fjallað um. Eigi verður fallizt á það með stefnanda, að störf þau, sem hann var ráðinn til að vinna, verði almennt talin hættuleg. Fyrirsvarsmenn Þvottahússins Eimis s/f höfðu ráðið stefnda Kristján sem ábyrgan trésmíðameistara til að sjá um byggingu hússins, og féll það undir starfssvið hans að sjá um smíði vinnupalla við húsið og sjá um að hafa eftirlit með því, að frá þeim væri gengið á forsvaranlegan hátt, eins og áður er rakið. Verður að telja, að stefndi Kristján hafi verið svo sjálfstæður framkvæmdaðili gagnvart Þvottahúsinu Eimi s/f, að það beri ekki fébótaábyrgð á tjóni, sem orðið hefur vegna mistaka stefnda Kristjáns eða starfsmanna hans samkvæmt reglu íslenzks réttar um fébótaábyrgð vinnuveitanda á tjóni, sem starfsmenn hans valda af ásetningi eða gáleysi. Þykir því verða að sýkna Þvottahúsið Eimi s/f af kröfum stefnanda í máli þessu. Stefnandi ætlaði sjálfur að framkvæma starf, sem féll undir starfssvið trésmíða og varðandi öryggi þeirra, sem nota áttu vinnupallinn. Stefnandi sýndi mikla óaðgæzlu, er hann fór út á þverböndin án þess að aðgæta, hvort þau væru negld, gekk eftir þeim og steig síðan á enda eins þeirra með þeim afleiðingum, sem raun varð á. Þykir stefnandi því verða að bera

tjón sitt að verulegu leyti sjálfur. Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda þannig, að stefndi Kristján bæti 2/3 hluta þess, en stefnandi beri sjálfur 1/3 hluta þess.

Verður nú afstaða tekin til fjárkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón	kr. 685.191.00	
að frádregnum dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins	— 47.632.90	
og að frádreginni eingreiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins	— 79.546.90	
		<hr/>
	Kr. 558.012.00	
Frá þessari fjárhæð dregst kaup það, sem stefndi Þvottahúsið Eimir s/f hefur greitt stefnanda	— 3.900.00	kr. 554.112.10
2. Miskabætur		— 100.000.00
		<hr/>
		Kr. 654.112.10

Um 1.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í mati læknisins, dags. hinn 2. marz 1966, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slasaði var fluttur til Slysavarðstofunnar, en síðan á Landakotsspítala, þar sem hann dvaldist frá slysdegi til 15/2 1965.

Það liggur fyrir vottorð dr. med. Bjarna Jónssonar vegna legu og meðferðar sjúklings á Landakoti, og er það vottorð svohljóðandi:

„Sigurður Guðjónsson, Grettisgötu 32, f. 11. 6. 1927, kom hingað í spítalann þ. 7. 10. 1964. Hann hafði hrapað af vinnupalli við IV. hæð á húsi, þar sem hann var að störfum. Var hann fluttur í Slysavarðstofuna og þaðan hingað.

Við komu hingað er sjúklingur með fulla meðvitund, hann er ekki lostinn, en þjáður. Hann svarar skýrt og er áttaður á stað og stund. Hann kvartar um verki í herðum, og leggur verkina fram báða handleggi og fram í alla fingurgóma. Hann

getur ekki lyft höfðinu, en segist ekki hafa höfuðverk. Það er skinnspretta á hægri eyra, en blæðir ekki úr vitum. Hrúfl er h. megin á höfði, og er sjúkl. aumur þar. Brjósthol er eðlilega lagað, hreyfist jafnt við öndun. Hlustun á lungum er eðlileg. Hlustun á hjarta er eðlileg, púls 70/mín., blóðþr. 140/90. Kviður er mjúkur og eymslalaus, ekki finnast þar fyrirferðar aukningar eða deyfur. Sjúkl. er mjög aumur ofan til á hægri öxl, en hreyfingar í axlarliðnum eru ekki hindraðar. Sinaviðbrögð eru eðlileg. Á h. læri ofan til er lófástórt hrúfl, ganglimir eru annars eðlilegir, sinaviðbrögð eðlileg og jöfn beggja vegna. Við röntgenskoðun var ekki hægt að sjá með vissu brot á hálsliðum, en þó var grunur um að VI. hálsliður væri svolítið laskaður.

Líðan sjúklings batnaði við rúmlegu, en þó eimdi eftir af verkjum í handleggjum og sérstaklega þeim hægri, og röntgenskoðun þ. 27. 11. sýndi, svo að ekki varð um villzt, að neðsti hálsliður hafði hníkast svolítið fram á við, en sjúkl. var þá orðinn óþægindalaus. Hann var látinn liggja enn um hríð í þeirri von, að liðirnir gætu gróið fastir í þessari stellingu, en röntgenskoðun þ. 9. 12. sýndi, að neðsti hálsliður hafði enn hníkast fram á við, og var þá sýnt, að ekki var þorandi að láta hér við sitja. Þ. 15.12. var því gerð aðgerð á hálsi sjúkl. og festur hryggurinn frá V. hálslið niður á efsta brjóstlið að báðum meðtöldum. Sjúkl. heilsaðist vel, greri með eðlilegum hætti, og þegar hann fór þ. 15. 2. 1965, var hann óþægindalaus og hafði þá haft vaxandi fótavist undanfarna daga. Röntgenskoðun sýndi þá, að festingin á hálsliðum var ágæt og órofin, enda hafði neðsti hálsliður ekki gengið frekar fram.

Ég sá þennan sjúkl. síðast 13. 12. 1965. Hann sagðist þá vera að verða óþægindalaus. Það eru fullar og eðlilegar hreyfingar í báðum efri útlimum og engin einkenni um skemmdir á taugum. Vel gróið ör yfir neðstu háls- og efstu brjóstliðum. Sjúkl. sagðist þá vera að byrja á vinnu sinni.

Hér er um að ræða 38 ára gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína í október 1964, brotnuðu neðstu hálsliðir og þrýsti þar að taugarótum. Gera þurfti skurðaðgerð á sjúkl. til þess að græða liðina saman.“

Slasaði kom fyrst til viðtals hjá undirrituðum 21/9 1965. Hann skýrir frá slysinu og meðferðinni, eins og lýst hefur verið hér að framan. Hann var þá í æfingameðferð á Æfingastöð fatlaðra og lamaðra og kvartaði aðallega um stirðleika í hálsi og verki í hægri

herðablaði. Slasaði kom til viðtals að nýju hinn 2/3 1966. Hann kveðst hafa byrjað vinnu í byrjun janúar og vinni nú léttu vinnu í sama fagi og áður.

Hann kvartar eins og áður um verki í hægri herðablaði og dofa, sem leggi fram í hægri hönd litla fingursmegin, en hann kveður stirðleika þann, er hann hafði í hálsi áður, hafa horfið að mestu og hann hafi engin óþægindi í hálsinum. Hann kveður verkinn undir hægri herðablaði há sér töluvert og komi hann fram við alla áreynslu.

Skoðun: Almenn ástand virðist eðlilegt. Maðurinn kemur eðlilega fyrir.

Háls og hryggur: Thoracal kyphosis virðist lítilliga aukinn á mótum hálsliða og brjóstliða. Yfir hryggstindum neðstu hálsliða og efstu brjóstliða er 16 cm langt ör vel gróið. Engin þrýstieymsli eru yfir þessu svæði. Hreyfingar á höfði: Beygja fram á við 40°. Fetta 30°. Hliðarhreyfing 10° til hvorrar hliðar og snúningshreyfing 30° í hvora átt, enginn sársauki er við hreyfingar. Ekki er að finna neinar lamanir eða skyntruflanir á handlimum.

Röntgenskoðun hefur ekki verið gerð nú, enda festing hálsliðanna talin góð í vottorði dr. Bjarna Jónssonar, sem fyrr greinir.

Ályktun: Hér um að ræða 38 ára gamlan járnsmið, sem slasaðist við vinnu sína fyrir tæplega einu og hálfu ári. Við slysið hlaut hann brot á hálslið. Gera þurfti aðgerð til að festa hálsliði. Bati hefur orðið verulegur, en maðurinn hefur þó enn óþægindi vegna slyssins. Hann hefur stirðleika í hálsliðum og nær stöðugan verk undir hægri herðablaði og dofatilfinningu fram í hægri hönd, ef hann reynir eitthvað á sig.

Vegna slyssins verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tíma-bundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin svo:

Í 6 mánuði	100%	örorka
Í 6 —	75%	—
Í 6 —	50%	—
Í 6 —	30%	—
Og síðan varanleg örorka 20%.		

Á grundvelli mats þessa reiknaði Þórir Bergsson tryggingafræðingur hinn 13. apríl 1966 áætlað verðmæti tapaðra vinnu-

tekna stefnanda á slysdegi. Um grundvöll og niðurstöðu útreikningsins segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Sigurður er sagður fæddur 11. júní 1927 og hefur því verið 36 ára á slysdegi.

Samkvæmt ljósmyndum af skattframtölum Sigurðar árin 1962—1964 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1961	kr.	84.143.00
— 1962	—	93.560.00
— 1963	—	118.542.00

Tekna þessara hefur Sigurður aflað sem járnsmiður hjá Stálsmiðjunni h.f., utan kr. 40.500.00 árið 1961 og kr. 15.000.00 árið 1962, sem er vinna við eigin íbúð. Ég hef umreiknað tekjur þessar til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta járníðnaðarmanna. Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundradshluti af áætluðum tekjum og örorkan er metin

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 147.957.00	kr. 129.007.00
2. árið eftir slysið	— 172.350.00	— 68.754.00
síðan árlega	— 174.216.00	— 34.843.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 186.229.00
Vegna varanlegrar örorku	— 361.487.00

Samtals kr. 547.716.00

Frá Tryggingastofnun ríkisins hefur Sigurður fengið greidda dagpeninga fyrir tímabilið frá 15. 10. 1964 til 30. 12. 1965, samtals kr. 47.632.90, og eingreiðslu 14. 2. 1966 kr. 79.546.00, sem ekki hefur verið dregið frá. Ekki hefur heldur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu árána 1951—1960 og líkur

fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Hinn 6. nóvember s.l. reiknaði tryggingafræðingurinn að nýju áætlað verðmæti tapaðra vinnutekna stefnanda. Um grundvöll útreiknings þessa og niðurstöðu segir svo í bréfi tryggingafræðingsins:

„Ég hef tvívegis reiknað út örorkutjón Sigurðar Þ. Guðjónssonar, síðast með útreikningi dagsettum 10. janúar 1968. Frá þeim tíma hafa orðið mjög miklar hækkanir á kauptöxtum járníðnaðarmanna, einkum vegna grunnkaupshækkana svo og einnig vegna vísitölubreytinga. Ég hef umreiknað áætlaðar vinnutekjur og áætlað vinnutekjutap með tilliti til þessara breytinga, og verða þær nú:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap
1. árið eftir slysið	kr. 147.957.00	kr. 129.007.00
2. — — —	— 174.861.00	— 69.507.00
3. — — —	— 183.901.00	— 36.780.00
4. — — —	— 185.361.00	— 37.072.00
5. — — —	— 222.117.00	— 44.423.00
síðan árlega	— 252.105.00	— 50.421.00

Lækkunin á tekjuáætlun 4. árið stafar af verkfallinu í marz 1968.

Þessar breytingar á áætluðum vinnutekjum valda því, að verðmæti vinnutekjutaps á slysdegi reiknast nú:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 186.905.00
Vegna varanlegrar örorku	— 498.286.00

Samtals kr. 685.191.00

Notaður hefur verið sami reikningsgrundvöllur og í fyrri útreikningi.“

Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er byggð á framangreindu örorkumati og endanlegum útreikningi tryggingafræðingsins. Af hálfu stefnda Kristjáns hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem of hárr. Er á það bent í því sambandi, að í örorkutjónsútreikningnum sé reiknað með 7% vaxtafæti, sem sé of lágt, og ekki sé tekið tillit til skattfrelsis bóta sem þessara.

Með hliðsjón af hinum endanlega örorkutjónsútreikningi og

með tilliti til þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekju-skatti og tekjuútsvari, þá þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega ákveðið kr. 420.000.00, og hefur þá verið tekið tillit til dagpeninga og eingreiðslu, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur innt af hendi, svo og launa þeirra, kr. 3.900.00, sem stefnandi hefur fengið greidd frá Þvottahúsinu Eimi s/f.

Um 2.

Af hálfu stefnda Kristjáns hefur fjárhæð þessari verið mót-mælt sem of hárrí. Hér að framan hefur verið lýst áverkum þeim, sem stefnandi hlaut af völdum slyssins, og sjúkrasaga hans rakin. Hér fyrir dómi hefur stefnandi lýst því, að hann finni enn fyrir afleiðingum slyssins. Við vinnu kveðst hann fá verk meðfram hægra herðablaði og kveðst verða að hvíla sig við og við. Eftir öllum atvikum þykir tjón stefnanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 90.000.00.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda nema kr. 510.000.00 (kr. 420.000.00+90.000.00). Ber stefnda Kristjáni samkvæmt framansögðu að bæta stefnanda $\frac{2}{3}$ hluta þessa, eða kr. 340.000.00. Verður stefndi Kristján því dæmdur til að greiða þá fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 53.250.00, þar með talinn útlagður kostnaður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Diðrik Helgasyni múrarmeistara og Bjarna Kristmundssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi Þvottahúsið Eimir s/f skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Þ. Guðjónssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður þeirra í milli.

Stefndi Kristján Pétursson greiði stefnanda kr. 340.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. október 1964 til greiðsludags og kr. 53.250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.